

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 132/1576

komudagur 10.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

10. apríl 2006

Tilvísun: 2006030078

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrissjóð bænda 622. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 27. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð bænda, 622. mál, einföldun og samræming lagaákvæða. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda, en þær fela það í sér að lagaumhverfi Lífeyrissjóðs bænda verði einfaldað og starfsumhverfi lífeyrissjóðsins gert sem sambærilegast starfsumhverfi annarra lífeyrissjóða.


Við yfirferð Fjármálaeftirlitsins á framangreindu frumvarpi kom í ljós að í g-lið 1. gr. kemur fram að setja skuli nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk ákvæða um iðgjald, mótframlag og lífeyrisréttindi í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið telur að í framangreindri grein ætti einnig að vera tekið fram að komi til breytinga á samþykktum sjóðsins skuli fjármálaráðherra staðfesta þær að nýju að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Í athugasemdum við lagafrumvarp það sem hér er til umsagnar kemur fram að núgildandi lagaumhverfi fyrir Lífeyrissjóð bænda komi í veg fyrir að sjóðurinn geti tekið upp sambærilegar breytingar á lífeyrisréttindaákvæðum og aðrir sjóðir eru að taka upp samhliða aldurstengingu réttinda, þar sem lífeyrisréttindin eru bundin í lög. Fjármálaeftirlitið vill áréttta að verði frumvarp það sem hér er til umsagnar að lögum mun eftirlitið líta svo á III kafli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gildi um lífeyrisréttindi sjóðsfélaga sbr. 50. gr. sömu laga.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki frekari athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Björg Fengur